

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. ágúst 2023, auglýsing á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi vegna Selásbraut 98

Góðan dag, Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á hverfisskipulagi vegna Selásbraut 98, birtist í Morgunblaðinu á morgunn, þriðjudaginn 29. ágúst 2023. Tillagan er í kynningu frá 29. ágúst 2023 til og með 10. október 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Selásbraut 98

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 13. júlí 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi í Árbæ, hverfi 7.3. Selás, vegna lóðarinnar nr. 98 við Selásbraut. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð er stækkuð til norðurs, á lóðarstækkun er komið fyrir 28 bílastæðum, þar af 3 fyrir hreyfihamlaða og aðstöðu fyrir djúpgáma og á afstöðumynd eru nýbyggingar sýndar ásamt bílastæðum, uppfærðum byggingarreitum og gönguleiðum, auk þess verður heimilt að setja svalir sem snúa í norðaustur og eru á 2. hæð og ofar 160 cm. út fyrir byggingareit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **29. ágúst 2023 til og með 10. október 2023**. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 10. október 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.
mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.